

17. maí 2006.

Rýmisþörf Frístundaheimila

Forstofa:

Í forstofu þarf að vera pláss fyrir skó, útiföt og skólatösku. Hvert barn hafi aðgang að snaga og hillu.

Útskýring:

- Í forstofu skal vera upplýsingatafla þar sem hægt er að setja upp skilaboð til foreldra.
- Hurð inn í frístundaheimilið sem börnin geta opnað sjálf.
- Aðstaða þarf að vera til að þurrka föt í, t.d. þurrkskáp.

Forstofan er andlit frístundaheimilisins og oft fara foreldrar ekki lengra en þangað. Mikilvægt er að hafa þetta í lagi til þess að hægt sé að kenna börnum á frístundaheimilum góða umgengni. Það að hlutir barnsins séu á ákveðnum stað styrkir rammann í umhverfi barnsins og veitir því öryggi. Börn, foreldrar og starfsfólk eiga með þessu móti að geta gengið að þessum hlutum vísam.

Hjarta frístundaheimilisins:

Við nýja grunnskóla og eldri grunnskóla þar sem því verður við komið skal miða við hjarta frístundaheimilisins sé u.þ.b. 1 m² nettó vinnurými fyrir hvert barn, þó aldrei minna en 60 m².

Útskýring:

- Hjarta er sá staður sem er alfarið í umsjón frístundaheimilisins. Ef starfsfólk skólans vill nota rýmið á skólatíma, þá sé það gert í samráði við umsjónarmann frístundaheimilisins.
- Hjartað þarf að vera hlýlegur staður þar sem bömunum þykir gott að vera.
- Þar þarf að vera hægt að skilja eftir spil og tæki sem eru í eigu frístundaheimilisins og eru notuð í daglegu starfi.
- Æskilegt að hægt sé að stúka rýmið aðeins af þ.a. hægt sé að vinna í litlum hópum.
- Í hjartanu þurfa að vera borð, stólar og leiksvæði.
- Í hjartanu þurfa börnin að geta valið sér fjölbreytt viðfangsefni.
- Mikilvægt að hjartað sé tengt aðstöðu umsjónarmanns.
- Ekki er hægt að gera ráð fyrir því að öll starfsemi frístundaheimilis fari fram innan hjarta þess vegna fjölbreytileika starfsins.
- Í hjarta frístundaheimilisins þarf að vera gott aðgengi fyrir fatlaða.

Hjartað er staður sem börnin hafa í huga þegar talað er um frístundaheimilið. Þar geta þau komið og fengið plástur og huggun ef eitthvað bjátar á. Hjartað er sá staður sem frístundaheimilinu er stjórnað frá. Börnin á frístundaheimilinu eiga að geta mótað umhverfið í hjartanu að einhverju leyti sjálf, með listaverkum og skrauti. Þannig verður hjartað þeirra staður.

Önnur vinnusvæði með börnunum

Vinnusvæði sem börn og starfsfólk frístundaheimilanna hafa aðgang að eftir skólatíma sé u.þ.b. 4m² nettó á barn hverju sinni.

Útskýring:

- Í reglugerð um lágmarksaðstöðu grunnskóla segir að miðað skuli við „...að húsnæði til stjórnunar, félagsstarfs og kennslu í öðrum greinum en íþróttum sé að jafnaði um 8 m² nettó eða 10 m² brúttó á hvern nemanda...”. Fái frístundaheimili aðgang að íþróttasal skal það talið með í fermetrafjölda, enda mikill hagur af slíku rými fyrir frístundaheimili.
- Í lögum um leikskóla nr. 225/1995, 2. gr. segir að leik- og kennslurými leikskóla skuli vera a.m.k. 3 m² fyrir hvert barn. Börn á frístundaheimilum eru að jafnaði bæði stærri og kraftmeiri en börn á leikskólaaldri og þurfa því meira rými en börn í leikskóla. Því er æskilegt að áætla að hvert barn þurfi að jafnaði 4 m² fyrir leik og störf á frístundaheimilum.
- Fermetrafjöldi hjartans er inni í þessum m² á barn.
- Með vinnusvæði er átt við rými eins og almennar kennslustofur og sérgreinastofur þar sem börnin geta verið að fast við ýmis tólmstundatengd verkefni, svo sem lestur bóka, tölvur, smíði, matreiðslu, tónlist, föndur, dans eða íþróttir.
- Æskilegt er að á hverju frístundaheimili sé aðgengi að sérými sem hægt er að nýta í starf með börnum með sérþarfir sem þola illa að vera í stórum hópum, td. einhverf börn og börn með ofvirkni/athyglisbrest.
- Getur verið mismunandi eftir dögum hvaða rými frístundaheimilið nýtir, en það þarf að vera skilgreint í samningi milli frístundaheimilis og skóla.
- Hafa ber í huga að þessi rými séu aðgengileg fyrir fatlaða.

Of lítið rými skerðir hefyfímöguleikana og getur þar með staðið í vegi fyrir að barnið þroski hreyfifærni sína. Hugmyndafræði frístundaheimilanna gengur út á að börnin geti þar fengið að kynna margvíslegri frístundaiðkun, auk þess sem þar þarf að gefast kostur á að þroska félagsfærni í gegnum leik og starf. Einnig þurfa börnin þar að geta valið að komast á rólegra svæði til að hvílast eftir skóladaginn. Þess vegna verður aðstæða frístundaheimilanna að vera fjölbeytt.

Útisvæði

Frístundaheimili skulu hafa aðgang að leiksvæði skólans.

Útskýring:

- Starfsemi frístundaheimilanna gerir ráð fyrir því að hægt sé að nota skólalóðina og græn svæði þar í kring fyrir útileiki barnanna.
- Ef það er langt í skólalóðina þarf að hugsa fyrir því að það sé gott aðgengi að útileiksvæði fyrir börnin.
- Þar sem er mikil umferð eða stórar umferðargötur er mikilvægt að svæðið sé afmarkað með grindverki

Salerni/snyrtiaðstaða

Frístundaheimilið hafi aðgang að salernum sbr. eftirfarandi töflu skv. Reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002:

25 börn 2 salemi
50 börn 3 salemi
100 börn 4 salemi
200 börn 6 salemi

Einnig þarf frístundaheimili að hafa aðgang að hreinlætisaðstöðu fyrir fatlaða.

Geymslur

Frístundaheimilin þurfa að hafa aðgang að geymslu fyrir ýmis leiktæki og búnað, annars vegar fyrir útidót og hins vegar innidót.

Matsalur

Frístundaheimili fái þjónustu frá eldhúsi skólans og aðgang að matsal eða annarri aðstöðu þar sem börnin geta neytt síðdegishressingar.

Það þarf að vera hægt að skapa aðstæður sem stuðla að því að síðdegishressingin verði ánægjuleg fyrir börnin.

Starfsmannaaðstaða samnýtt með skóla eins og kostur er.

- Umsjónarmaður þarf að hafa skrifstofu, æskilegt að hún sé tengd „hjarta“ frístundaheimilisins. Skrifstofan þarf að vera þannig útbúin að þar sé hægt ræða viðkvæm mál, bæði við starfsfólk, börn og foreldra.
- Fatahengi/skápur fyrir annað starfsfólk frístundaheimilanna til að geyma föt og aðra persónulega muni.
- Starfsfólk hafi aðgang að hreinlætisaðstöðu sem sé sérstaklega ætluð starfsfólki skóla og/eða frístundaheimila.

